

GJALDSKRÁ ÍSLENSKU LÖGFRÆÐISTOFUNNAR

1. TÍMAGJALD

1.1. ALMENNT TÍMAGJALD

Þegar verk er unnið á grundvelli tímaskráningar skal lögmaður færa skrá um þá tíma sem til verksins fara og við hvað er unnið.

Viðskiptamaður á rétt á afriti af tímaskýrslum til skýringar á reikningi og skulu tímaskýrslur að jafnaði fylgja með reikningum.

Viðmiðunartímagjald lögmannna fer eftir starfsreynslu þeirra og þekkingu.

Grunngjald fyrir tímavinnu er að jafnaði eftirfarandi:

Tímagjald eigenda

frá kr. 20.500,-.

Tímagjald fulltrúa með lögmannsréttindi

frá kr. 18.500,-.

Tímagjald fulltrúa án lögmannsréttinda

frá kr. 15.500,-.

Tímagjald sérhæfðra starfsmanna

frá kr. 5.500,-.

1.2. ÁLAG Á GRUNNGJALD

Heimilt er að bæta við grunngjald skv. grein 1.1. gjaldskrár þessarar álagi í sérstökum tilvikum, svo sem vegna:

Beiðna um að verk séu unnin með óeðlilega stuttum fyrirvara, á skemmri tíma en eðlilegt getur talist eða á öðrum tímum en eðlilegt má telja, s.s. almennum fríðögum.

Ef verk eru unnin á erlendu tungumáli.

Tímagjald eigenda með álagi er allt að EUR 350.

Tímagjald fulltrúa með álagi er allt að EUR 300.

2. HAGSMUNATENGDAR ÞÓKNANIR

2.1. ÁLAG VEGNA HAGSMUNA

Heimilt er að bæta við sérstöku álagi við þóknun á grundvelli 1. gr. í þeim tilvikum þar sem um verulega hagsmuni er að ræða.

2.2. MÁLFLUTNINGUR FYRIR DÓMSTÓLUM OG ÚRSKURÐARÁÐILUM

Reglur 2. gr. gilda um ákvörðun þóknunar í málum sem eru lögð fyrir dómstóla, gerðardóma, stjórnvöld og stjórnáráðgjafendur til öflunar dóms eða úrskurðar í málinu:

- a) Í málum sem eru munnlega flutt eða gagnaöflun fer fram í eftir þingfestingu skal þóknun reiknuð sem hér segir: Grunngjald kr. 150.000,- að viðbættum 15% af

stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 6.500.000,-, 7% af næstu kr. 10.500.000,- og 4% af því sem umfram er.

- b) Í málum sem heimilt er að reka skv. 17. kafla eml., sem eigi fer fram gagnaöflun í eftir þingfestingu eða tekin eru til áritunar á þingfestingardeg, skal grunngjald þóknunar vera kr. 39.000,- að viðbættum 10% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 6.700.000,-, 5% af næstu kr. 9.400.000,- og 3% af því sem umfram er.
- c) Í öðrum málum en um ræðir í b) lið, sem dómtekin eru á þingfestingardeg eða útvíst verður í síðar af hálfu stefnda, skal grunngjald þóknunar vera kr. 72.000,- að viðbættum 12,5% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 4.700.000,-, 6% af næstu kr. 7.900.000,- og 3% af því sem umfram er.
- d) Verði mál sætt eftir þingfestingu, en fyrir aðalmeðferð, er reiknuð þóknun eftir c) lið hér að framan.
- e) Rétt er að krefja sérstaklega um þóknun fyrir flutning um formhlið máls, fyrir höfðun og rekstur vitnamáls og fyrir dómkvaðningu matsmanna og meðferð matsmáls.
- f) Reikna skal málflytninguþóknun af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta. Gjaldþagi reiknings er við dómtöku máls.
- g) Sé þóknun samkvæmt tímagjaldi, sbr. 1. gr., hærrí en hagsmunatengd þóknun skv. liðum a) til f) skal þóknun reiknast skv. 1. gr.

3. FASTAR ÞÓKNANIR

3.1. ALMENNT

Skrifstofan tekur að sér verkefni gegn föstu gjaldi ef um slíkt er samið. Fjárhæð þóknunar tekur þó mið af ákvæðum gjaldskrárinnar eftir því sem við getur átt.

3.2. SKJALAGERÐ

Þóknun fyrir eftirtalda skjalagerð skal vera sem hér greinir, nema um annað sé samið:

- Kaupsamningar og afsöl vegna fasteigna – 1,5% af söluverði.
- Kaupsamningar og afsöl vegna lausafjár, þ.m.t. hlutafé og skuldabréf – 3-5% af söluverði.
- Skuldabréf og tryggingabréf – kr. 60.000,- að viðbættu tímagjaldi skv. 1. gr.

- Leigusamningar – kr. 60.000,- auk 2% af leigufjárhæð, þó að hámarki eins árs leigufjárhæð.
- Stofnun félaga – kr. 130.000,- að viðbættu tímagjaldi skv. 1. gr.
- Kaupmálar – kr. 60.000,- að viðbættu tímagjaldi skv. 1. gr.
- Erfðaskrár – kr. 60.000 að viðbættu tímagjaldi skv. 1. gr.

3.3. MÓT Í FYRIRTÖKUM

Þóknun fyrir mót, sem lögmaður mætir í, hvort sem er við aðför, nauðungarsólumeðferð, kyrrsetningu, lögbanns- og löggeymsluaðgerðir, svo og við útburðar- og innsetningargerðir, skal miðast við ákvæði í 1. gr.

4. INNHEIMTA

4.1. ALMENNAR INNHEIMTUR

Grunngjald innheimtupóknunar er kr. 10.000,- en við bætist:

25% af fyrstu	kr.	85.000,-
10% af næstu	kr.	795.000,-
6% af næstu	kr.	4.500.000,-
4% af næstu	kr.	5.000.000,-

3% af því sem umfram er.

Reikna skal innheimtupóknun af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta. Reikna skal þóknun skv. 1. gr. ef þóknun samkvæmt henni er hærri.

Kröfueigandi er ábyrgur gagnvart skrifstofunni fyrir greiðslu innheimtupóknunar.

4.2. INNHEIMTA SKAÐA- OG SLYSABÓTA

Fyrir uppgjör og samninga um tjónsbætur skal grunngjald innheimtupóknunar vera kr. 35.000,- en við bætist:

25% af fyrstu	kr.	85.000,-
10% af næstu	kr.	795.000,-
8% af næstu	kr.	5.650.000,-

6% af því sem umfram er.

Ef mál er sérstaklega umfangsmikið, leggst sérstakt 30% álag á þóknun.

Fyrir uppgjör bóta úr slysatryggingum og öðrum sambærilegum tryggingum skal þóknun vera 10% af innheimtum bótum.

Sé þóknun samkvæmt tímagjaldi, sbr. 1. gr., hærri en hagsmunatengd þóknun skv. 4. gr. skal þóknun reiknast skv. 1. gr.

5. AÐFARARBEIÐNIR OG SAMBÆRILEGAR BEIÐNIR

Fyrir beiðnir til stjórnvalda og dómstóla, s.s. vegna aðfarar, nauðungarsólu og vörslusviptingar, kröfulýsingar í þrotabú og uppboðsandvirði, skal þóknun vera kr. 15.00,- auk tímagjalds samkvæmt 1. gr.

6. ÚTLAGÐUR KOSTNAÐUR, FERÐALÖG OG VINNA ERLENDIS

Til viðbótar við þóknun samkvæmt framangreindu skal viðskiptamaður greiða allan útlagðan kostnað Íslensku lögfræðistofunnar í máli hans, þ.m.t. ferða- og aksturskostnað og kostnað vegna opinberra gjalda, læknisvottorða og matsgerða. Leggi Íslenska lögfræðistofan út fyrir útlögðum kostnaði er skrifstofunni heimilt að leggja allt að 10% álag ofan á fjárhæðina.

Purfi starfsmaður skrifstofunnar að ferðast vegna starfa sinna skal gjaldfæra 7 klst. á hvern heilan ferðadag en að auki skal greiða fyrir þann tíma sem unnið er umfram áðurgreinda 7 tíma.

7. SKRIFSTOFUKOSTNAÐUR

Heimilt er að gjaldfæra óvenjumikla notkun síma, ljósritunarvélar eða annarra skrifstofutækja í þágu viðskiptamanns.

8. VIRÐISAUKASKATTUR

Við allar þóknunarfrjárhæðir bætist 24% virðisaukaskattur í ríkissjóð.

9. GREIÐSLA ÞÓKNUNAR

Íslenska lögfræðistofan áskilur sér rétt til þess að krefjast greiðslu mánaðarlega eftir því sem verki vindur fram.

Aðrir en fastir viðskiptamenn skulu greiða hluta þóknunar um leið og Íslenska lögfræðistofan tekur að sér mál viðkomandi, samkvæmt nánara samkomulagi.

10. TIL VIÐSKIPTAMANNS

Viðskiptamanni ber að kynna sér gjaldskrá þessa og er hann ábyrgur fyrir greiðslu þóknunar og útlagðs kostnaðar, hvort sem hún fæst greidd úr hendi gagnaðila eður ei.

11. GILDISTAKA

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. janúar 2015.